

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

TM



Söloráðgjafi

TM auglýsir eftir öflugum söloráðgjafa við frumkvæðissölu trygginga. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi sölustarf með áherslu á öflun nýrra viðskiptavina. Starfið felur í sér mikið frelsi með árangurstengdum tekjum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og upplýsingagjöf til nýrra viðskiptavina
- Sala til einstaklinga
- Áhættumat, tilboðsgerð og útgáfa tryggingaskírteina

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Reynsla úr tryggingageiranum er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður í starfi

Menntun sem nýtist í starfi

- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta kostur

Nánari upplýsingar veitir Fríða Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri markaðsmála og sölu í gegnum netfangið fridaa@tm.is



Embætti landlæknis

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir embætti landlæknis laust til umsóknar. Um embættið fer samkvæmt lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu.

Heilbrigðisráðherra fer með yfirstjórn heilbrigðismála og skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Leitað er að einstaklingi með samskipta- og leiðtogaþæfileika og góða þekkingu og reynslu af rekstri og stefnumótun.

Landlæknir ber ábyrgð á því að embættið starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma embættisins séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Hlutverk landlæknis, samkvæmt lögum, er meðal annars að:

- veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verkswiði embættisins,
- annast forvarna- og heilsuefningarverkefni,
- efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
- vinna að gæðaðróun,
- hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
- hafa eftirlit með lyfjaávisunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
- hafa eftirlit með starfsemi lífsýnasafna og safna heilbrigðisupplýsinga í samræmi við lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga,
- veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
- stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
- sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
- bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
- safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
- meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins,
- sinna öðrum verkefnum sem honum eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Skipað verður í embættið frá 1. mars 2025. Um kjör landlæknis fer samkvæmt skv. 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Upplýsingar um starfið veitir Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri, asta.valdimarsdottir@hrn.is.

Sótt er um embættið á starfatorg.is og er umsóknarfrestur til og með 6. janúar 2025.

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini, ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfylli hæfniskröfur fyrir starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

Gæðastjóri hjá HSN

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands óskar eftir að ráða til sín framsækinn leiðtoga í starf gæðastjóra. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar. HSN hefur nýlengi við gerð stefnumótunar og er ráðning á gæðastjóra mikilvægur hlekkur í að innleiða stefnuna en hana er hægt að finna á heimasíðunni okkar.

HSN vill vera framsækin stofnun, eftirsóknarverður vinnustaður og í fararbroddi í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðismenntun á landsbyggðinni. Hlutverk HSN er að stuðla að heilbrigði íbúanna með því að veita faglega, samfellda og heildstæða heilbrigðisþjónustu.

Mögulegt er að sinna starfinu frá öllum megin starfsstöðvum HSN. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf á íslensku þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína út frá hæfniskröfum auglýsingarinnar.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Tekið er á móti rafrænum umsóknum á starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 16.12.2024

Nánari upplýsingar veitir, Guðný Friðriksdóttir, gudnyf@hsn.is, sími 432 4030.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með gæðahandbók HSN
- Umsjón með ábendinga- og atvikaskráningakerfum
- Innleiðing klínískra verkefna þvert á stofnun
- Gæðavísar, framsetning og eftirfylgni
- Er formaður Gæða- og öryggisráðs HSN
- Hefur yfirsýn með starfi öryggisnefnda innan HSN
- Áhættu- og áfallapol HSN
- Viðbragðsáætlanir
- Upplýsingamiðlun og kennsla

Hæfniskröfur

- Heilbrigðismenntun s.s. hjúkrunarfræði, framhaldsmenntun sem nýttist í starfi kostur
- Starfsreynsla í heilbrigðisþjónustu
- Þekking á verkefnastjórnun kostur
- Góð greiningahæfni og færni til að setja fram upplýsingar á skilmerkilegan hátt
- Þekking og reynsla af gæða og umbótastarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni og lausnamiðun
- Hæfni til að leiða fólk til góðra verka
- Faglegur metnaður í starfi og rík árangursþörf
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg
- Hreint sakavottorð, ökuleyfi og gott orðspor

Heilbrigðisstofnun Norðurlands sinnir heilsugæsluþjónustu á Norðurlandi og rekur rúmlega 190 sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými. Meginstarfstöðvar HSN eru starfstöðvarnar á Akureyri, Blönduósi, Dalvík, Fjallabyggð, Húsavík og Sauðárkróki. Íbúar á starfssvæði HSN, sem nær frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri, eru tæplega 38.000 og starfsfólk er um 700 talsins.

Embætti listdansstjóra Íslenska dansflokksins er laust til umsóknar

Helstu verkefni og ábyrgð

Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna dansverk, vera vettvangur fyrir framþróun og nýsköpun danslistar á Íslandi og glæða áhuga landsmanna á danslist.

Listdansstjóri er forstöðumaður Íslenska dansflokksins. Listdansstjóri veitir dansflokknum listræna forystu, stýrir starfsemi hans og rekstri og mótar listræna stefnu hans. Hann ræður aðra starfsmenn flokksins og er í fyrirsvari fyrir hann.

Frekari upplýsingar um starfið

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Skipað verður í embættið eigi síðar en 1. ágúst 2025. Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá á íslensku ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og lýsing á því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Hæfniskröfur

Menningar- og viðskiptaráðherra skipar listdansstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn listdansráðs, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um sviðslistir, nr. 165/2019. Í embætti listdansstjóra skal skipaður einstaklingur sem hefur háskólamenntun og staðgöða þekkingu og reynslu á danslist og starfssviði dansflokks. Leitað er eftir einstaklingi með leiðtogahæfni og hæfileika til nýsköpunar. Reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun er kostur.

Umsókn skal jafnframt fylgja greinargerð umsækjanda varðandi framtíðarsýn hans á starfsemi Íslenska dansflokksins. Nánari upplýsingar veitir listdansráð.

Sjá upplýsingar á id.is

Starfshlutfall er 100% | Umsóknarfrestur er til og með 06.01.2025

Nánari upplýsingar veitir

Arna Kristín Einarsdóttir, arna.kristin.einarsdottir@mvpf.is — Sími: 585 9800



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira en 50 ár


HAGVANGUR

Með nýrri kynslóð magnast spennan



Ert þú nýr forstjóri Landsnets?

Landsnet leitar að öflugum og framtakssömum leiðtoga með skýra framtíðarsýn og hugrekki til að stýra fyrirtækinu inn í spennandi tíma umbreytinga. Þetta er einstakt tækifæri til að gegna lykilhlutverki í orkugeiranum og hafa áhrif á þróun samfélagsins með því að leiða það á fleygiferð inn í framtíðina. Hlutverk okkar hjá Landsneti er að byggja upp flutningskerfi sem uppfyllir þarfir samtímans og er jafnframt tilbúið að takast á við áskoranir morgundagsins.

Við leitum að leiðtoga sem skilur mikilvægi tengsla, bæði á sviði orku og í mannlegu samhengi. Viðkomandi þarf að búa yfir trausti og sterkri leiðtogahæfni, lykilatriði er geta til að fá fólk með sér í lið og skapa sameiginlega sýn. Því leitum við að aðila sem er einstaklega sterkur í mannlegum samskiptum og býr yfir framtakssemi, ástríðu og hæfileika til að móta framtíðina með frábæru starfsfólki sem vinnur daglega að því að tryggja að ljósinn logi um allt land.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stefnumótandi hugsun og framtíðarsýn
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking á orkumálum
- Geta til að byggja upp öflugt tengslanet
- Yfirvegun og lausnamiðuð hugsun
- Geta til að byggja upp og viðhalda sterkri liðsheild
- Geta til að koma fram í ræðu og riti fyrir hönd fyrirtækisins

Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar 2025. Sótt er um starfið á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar veita Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is, og Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verða nöfn þeirra ekki birt opinberlega.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við erum líka framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Raðauglýsingar

Tilkynningar



Auglýsing um tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgarlína 1. lota - Nauthólsvegur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á nyrðri hluta Nauthólsvegur. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af aðliggjandi skipulagsmörkum í norðri, lóðarmörkum í austri og vestri og við lóðarmörk Menntasveigs í suðri. Ásamt því teygjast mörkin til vesturs, um Hlíðarfót yfir Fálkahlíð, suður um nýjan afleggjara að Hótel Reykjavík Natura. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við Borgarlínubrautum frá Arnarhlíð og að lóðarmörkum Menntasveigs við HR, ásamt einni stöð, Öskjuhlíð. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er aðgengi virkra ferðamáta við götuna verulega bætt. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar nema við gatnamót Nauthólsvegur og Flugvallarvegur. Grænni ásýnd gatnanna er aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnir ofanjarðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Borgarlína 1. lota - Laugavegur frá Hallarmúla að Hlemmi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. september 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými efsta hluta Laugavegar. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af lóðarmörkum í norðri (Hátún 2-10 og Nóatún 17), deiliskipulagsmörkum fyrir Hlemm í vestur, fyrirhuguðum deiliskipulagsmörkum Borgarlínu um Suðurlandsbraut austan megin, og að lóðarmörkum sunnan við Laugaveg. Með tilkomu nýs deiliskipulags bætast við Borgarlínubrautir frá Suðurlandsbraut að Katrínartúni ásamt einni stöð, Hátún. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er aðgengi virkra ferðamáta við götum verulega bætt. Öryggi allra vegfarenda er verulega bætt. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar. Grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnir ofanjarðar ásamt torgsvæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá 19. desember 2024 til og með 20. febrúar 2025. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 20. febrúar 2025. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

Reykjavík 19. desember 2024
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

 Reykjavík

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 Morgunspjall, heitt á könnunni kl.9-11 – Opin vinnustofa kl.9 -12:00 - Ukulele, hljóðfæri á staðnum kl.10:00 – Boccia kl.10:15 - Hádegisverður kl.11:30-12:30 – Jólatónleikar Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar kl. 15:00, jólakaka og heitt súkkulaði í boði fyrir gesti. Síðdegiskaffi kl.14:30-15:20 - Húsið lokar kl.15:45 – Nánari upplýsingar í síma 411 2701 - Öll velkomin.

Árskógar 4 Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Boccia kl. 9:30. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Jólabingó kl. 13. Myndlist með Elnu kl. 13. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Líkamsræktarhorn opið. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

Boðinn Fimmtudagur. Aðventumessa Boðans. Anna Sigga syngur sálma. Messukaffi á eftir. Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin frá kl. 13:30-16:00.

Félagsmiðstöðin Hraunbær 105 Sundleikfimi í Árbæjarlaug (inni) kl. 8:30. Morgunkaffi og spjall kl. 9:00. Handavinna m/leiðbeinanda kl. 9:00-12:00. Sundleikfimi í Árbæjarlaug (úti) kl. 9:30. Helgistund kl. 9:30-10:00. Stólajóga kl. 10:30-11:00. Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Þrjónaklúbbur kl. 13:00-14:00. Létt ganga kl. 13:00. Kaffisala og meðlæti kl. 14:00-14:30. Verið öll velkomin í Hraunbæ 105.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-15:40. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30. Jólabjósferð með Hollvinum Hæðargarðs, kl. 16:00-18:00.

Garðabær 8.30 Pool í Jónsh. 10.00 Ganga frá Jónsh. 10.30-16.40. Kaffiveit. í Jónsh.

Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni. Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

Gjábakki Qigong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11 til 12.15
Gullsmári Fimmtudagur: Opin handavinnustofa frá kl. 9-12. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Bridge kl. 13:00. Jóga kl. 17:00.

Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 - 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

Korpúlfar Borgir Fimmtudagur: Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00. Gleðin býr í Borgum.

Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilínu 10:00. Jólabíó 13:00. Samþrjón 13:00 – 14:30. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, allir velkomnir.

Samfélagshúsið Vítorgi Bókband í Smíðu kl. 9:00-12:30. Vítamín í Val - ókeypis líkamsþjálfun í Valsheimilínu að Hlíðarendu kl. 10:00-11:00. Lokaður hópur í handverksstofu kl. 10:00-12:00. Kvikmyndasýning kl. 12:45-14:30. Sköpun og dútl kl. 13:00-15:00. Hundurinn Spori kemur heimsókn kl. 15:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

Seltjarnarnes Vatnsleikfimi kl. 9:00, Kaffírókur á Skólalaut kl. 9:00, Jóga/leikfimi á Skólalaut kl. 9:00, Karakaffi í safnaðarheimili kl. 14:00. Litlu Jólín kl. 1400 á Skólalaut. Tónlist, heitt súkkulaði, jólaglugg, randalínur og smákökur. Allir hjartanlega velkomnir undir sem aldnir.

Við leiðum
fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út tvisvar í viku. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef mbl.is og á finna.is. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með 2,2 milljón flettinga á dag og 15,4 milljón flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið mbl.is FINNA Q

Smáauglýsingar

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor
byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Til sölu

Bækur til sölu

Eylenda 1-2, Sléttuhreppur, Kollsvíkurett, Strandamenn, Eyfirskar ættir 1-7, Skarðsbók einnig stjórnartíðni 130 bindi, tilboð óskast

Upplýsingar í síma 8989475.

Bækur til sölu

Eftirtaldir bækur kosta 10.000 kr. stykkið:

Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Bólstaðir og búendur í Stókkseyrarhreppi, Ættir Síðupresta, nokkrar Arnesingættir, Stokkseyringasaga, Ættarskrá Bjarna Hermannssonar, Dalmenn no. 3, Engeyjarætt, V-Skaftafellssýsla og íbúar hennar, Minningarrit íslenskra hermanna, Vesturfararskrá.

Eftirfarandi bókasett kosta 10.000 kr. settið:

Bergsætt 1-3, Longætt 1-3, Ódáðahraun 1-3, Verskfirskar ættir 1-4, Reykjaætt 1-4, Saga Dalvíkur 1-4, Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen 1-4, Þjóðsögur Jóns Árnasonar 1-6, íslensk skip 1-4., Gríma 1-25.

Upplýsingar í síma 8989475.

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð
á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Ýmislegt



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Byggingavörur



STEYPUMÓT

717 FM af Hunnebeck steypumótum til sölu með fylgihlutum ca 70%. Mótin eru 3 metra há.

jarnavirkid@gmail.com

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárshús Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.

Sumarhús

- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi. Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
- Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Bílar



7/2021 Kia Niro Edition 7 með 64 kWh drifrafflöðu og uppgefna drægni 460 km. Ekkinn aðeins 34 þ. km. Sportsæti með leður á slit flötum. Skynvæddur hraðastillir og allskona gismo. 3,5 ár eftir af ábyrgð. Er ekki málið að drífa sig yfir á rafmagnsbíl!

Lækkað verð: 3.980.000,-



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344
Opíð kl. 10-18 virka daga

Vantar þig pípara?
FINNA.is



FINNA Q
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur

Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðlseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.

Þórhallur Guðmundsson miðill.

- Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins

SRFR.



Jessenius Faculty of Medicine í Martín.

Inntökupróf verða haldin á netinu 21. mars, 28. júní og 8. ágúst 2025. NÝTT Nemendur meiga reyna 3 sinnum við prófið.

Uppl. kaldasel@islandia.is og s. 8201071

www.jfmed.uniba.sk/en



Vandaðir krossar á leiði!

SAMA VERÐ OG Í FYRRA, ENGIN HÆKKUN!

Fáanlegt í 12 volt, 24 volt og 32 volt – 3 ára ábyrgð

JS
LJÓSA SMÍÐJAN

VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34, 200 Kóp.
Sími 554 0661

Opíð á laugardögum kl. 10-16 fram að jólum

mbl.is

Færir þér fréttirnar

Við erum í liði með Póstdreifingu

8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
300.000–850.000
krónum á 8 vikum



**Skráðu
þinn hóp**



 **Póstdreifing**